



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 26. júní 2009

Ákvörðun nr. 24/2009

Kaup NBI hf. á 35% eignarhlut í Bílaumboðinu Öskju ehf.

Þann 9. júní sl. barst Samkeppniseftirlitinu styttri tilkynning vegna kaupa NBI hf. (hér eftir NBI) á 35% eignarhlut í Bílaumboðinu Öskju ehf. (hér eftir Askja) í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Fullnægðri tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna. NBI er fjármálafyrirtæki og starfar eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Askja er bílaumboð sem starfar á markaði fyrir sölu nýrra og notaðra bifreiða. Fyrirtækin starfa því ekki á sama markaði.

Í samrunaskránni kemur fram að þann 19. febrúar sl. hafi NBI og Askja undirritað skilmála vegna endurskipulagningar á hinum síðarnefnda félagi og NBI í kjölfarið eignast 35% eignarhlut í félaginu á móti 65% eignarhlut félagsins Top ehf.

Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi, dags. 19. febrúar 2009, eignaðist NBI hf. 35% eignarhlut í Bílaumboðinu Öskju ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson